

Mánudaginn 12. júní 1961.

Nr. 39/1960. **Ákærvaldið** (Árni Stefánsson hdl.)

gegn

Bjarna Sigurði Guðjónssyni og Magnúsi Jónssyni (Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Ákæra um manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur margs háttar gagnasöfnun farið fram, eins og síðar verður nánar rakið.

Að áliti héraðsdóms þótti sannað, að orsök sprengingar þeirrar, er í málinu greinir, væri sú, að fljótandi ammoníak hefði komizt í þjöppu frystikerfisins. Töldu héraðsdómendur, að þetta hefði getað gerzt með þrennum hætti, þ. e. 1) að „sporlanlokarnir“ (þenslulokarnir) hefðu eigi unnið rétt, 2) að ammoníak hefði komizt inn á soggrein þjöppunnar vegna þess, að loki hefði gleymzt opinn og 3) að of mikið ammoníak hefði verið sett inn á kerfið við áfyllingu. Að áliti dómendanna gat eigi verið um tvö fyrri tilvikin að ræða, og álykta þeir því, að þriðja tilvikið, þ. e. ofylling á kerfinu í heild, hafi verið orsök sprengingarinnar, en á þeirri offyllingu eigi ákærðu sök.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms aflaði verjandi ákærðu álitsgerða fimm sérfróðra manna um málsatriði. Voru það þeir Einar Arnórsson vélaverkfræðingur, Baldur Sveinsson vélaverkfræðingur, Geir Ó. Guðmundsson vélfræðingur, Gísli Hermannsson vélaverkfræðingur og Þorsteinn Gíslason vélaverkfræðingur, sérfræðingur í kælitækni. Gagnrýndu þeir niðurstöðu héraðsdóms í ýmsum greinum og lýstu skoðunum sínum um líklegar orsakir sprengingarinnar. Skál þess einkum getið, að Einar Arnórsson telur ósennilegt, að of mikil áfylling hafi verið orsökinn, og Baldur Sveinsson

og Gísli Hermannsson telja það ekki koma til greina. Þeir Einar Arnórsson og Baldur Sveinsson benda og á, að duldir efnisgallar í þjöppunni kunni að hafa átt þátt í sprengingunni, og sama álit hefur Gísli Hermannsson látið uppi fyrir dómi. Þorsteinn Gíslason telur bersýnilegt, að þrýstigreinin hafi brostið vegna steypugalla, þar sem hún hafi átt að þola margfalt meiri þrýsting en mælar sýndu. Allir telja þeir, að aðferð ákærðu við áfyllinguna hafi eigi verið athuga-verð, eins og henni er lýst í prófum málsins.

Að beiðni sækjanda og verjanda í Hæstarétti voru því næst dómkvaddir þeir verkfræðingarnir Benedikt Gröndal og Einar Þorkelsson og Viggó Jessen vélfræðingur, „til að tjá sig um gagnrýni þessa og jafnframt lýsa álitinu á því, hvort þeir teldu ákærðu hafa rekið frystivélarnar, eins og vera bar, er sprengingin varð, eða hvort þeir álitu, að orsakir til hennar megri rekja til gáleysis ákærðu við rekstur vélanna“. Skiluðu þeir álitsgerð 10. október 1960. Segir þar m. a.:

„Við viljum hér strax taka það fram, að í þessu máli hafa átt sér stað þau alvarlegu mistök, að vélarhluta þeim, sem skemmdist og lét undan við sprenginguna, hefur verið fargað og liggur því ekki fyrir til rannsóknar. Eru því héðan í frá engin tæk frá okkar hálfu að fullyrða neitt um það, hvort þar hafi komið til greina smíða- eða efnisgalli frá hendi verksmiðju þeirrar, sem vélina seldi.“

„Samkvæmt skýrslum þeim, sem fyrir liggja, virðist ljóst, að allmikið vökvaslag hefur orðið í vélinni, þegar sprengingin varð og pípukista vélarinnar rifnaði.

Teljum við, að þetta vökvaslag sé orsök skemmdanna á vélinni, en hvort vökvaslagið hefur verið svo mikið, að ógölluð pípukista hefði þolað það eða ekki, verður ekki neitt með vissu sagt, þar eð stykkið er glatað, og því ekki hægt að rannsaka það.

Samkvæmt málsgögnum bera vitni það, að ekki hafi orðið vart við óeðlilegan þrýsting á mælum þrýstihliðar kerfisins.

Samkvæmt því getum við ekki fallið á, að um offyll-

ingu kerfisins í heild hafi verið að ræða. Slík offylling hefði átt að lýsa sér þannig, að vökvageymir kerfisins hefði yfirfyllt og vökvinn farið að stiga upp í þéttinn, en við það hefði yfirþrýstingur myndast á þrýstihlið kerfisins.

Hitt virðist aftur fullljóst, að til þess að vökvaskiljan geti átt sér stað í vélinni, hefur vökvaskiljan á soghlið kerfisins hlotið að offyllast, þar til ammoníaksvökvaskiljan hafi borizt inn í sogpípuna til vélarinnar. Pípa þessi liggur frá sogskiljunni niður í gólf vélahússins og er þar lárétt á löngum kafla, en ris upp og inn í sogloka vélar. Ekki er ólíklegt, að vökvi hafi getað safnast fyrir í þessari lárétu pípu um nokkurn tíma, eftir að vökvaskiljan fylltist, og síðan þeytt snögglega með soginu inn í vélina án þess að fá tíma til að eimast. Er hætt á, að nefnd pípulögn hafi átt einhvern þátt í því að gera vökvaskiljan ennþá ofsalegra en ella, ef enginn vökvalás hefði verið á sogleiðslunni.“

„Til þess að vökvaskiljan offyllist, virðist engin önnur leið en að í hana hafi komist vökvi frá tæmigeyminum.“

„Til þess að vökvinn geti stigið upp í vökvaskiljuna er — — — um tvennt að ræða — — — Annaðhvort hafa einhverjir af þessum lokum af gáleysi verið skildir eftir illa lokaðir og gefið vökvannum tækifæri til að stiga áfram upp í vökvaskiljuna eða einhverjir af lokunum hafa verið óþéttir, þegar áfyllingu var lokið. Samkvæmt skýrslum liða 3 klukkustundir, frá því að hætt er að fylla á og þar til slysið verður. Teljum við það benda til þess, að þeir, sem framkvæmdu verkið, hafi talið öruggt, að öllu væri lokað sem skyldi.

Við viljum benda á, að þegar kerfið er tengt beint við stóran birgðageymi, eins og hér átti sér stað, þá þarf enn meiri aðgæzlu við áfyllingu á kerfið heldur en þegar fyllt er á það af flöskum, eins og algengast er. Enn fremur skal á það bent, að samkvæmt skýrslum virðist lítt hafa verið farið eftir vökvahæðarglösunum, sem voru á geymunum. Er þar í framburði vitnanna ýmist talað um, að vökvaglös-in hafi verið nýhreinsuð eða í ólagi, en aðallega að þeim hafi lítt verið gaumur gefinn og þeim lítt treystandi.

Þar sem fyllt er á kerfið úr stórum birgðageymi, án þess að áfyllingarmagn sé mælt, eins og hér virðist hafa verið gert, teljum við það nauðsynlega öryggisráðstöfun að fylgjast með vökvaglösum á geymunum, meðan á áfyllingu stendur. Hefðu glösin verið í lagi og fylgzt með þeim undir keyrslu, hefði vökvinn ekki fengið tækifæri til að stíga upp í vökvaskiljuna, án þess að vart hefði orðið við það.

Við teljum það sjálfsagt að hafa vökvaglösin í lagi, enda engum vandkvæðum bundið, og teljum við, að enda þótt unnt sé með æfingu í gæzlu að fylgjast með keyrslunni án hæðarglasa, þá sé það ekki eins tryggt.

Að lokum viljum við aftur benda á það, að enda þótt vökvaslag hafi átt sér stað, eins og um ræðir í ofangreindu, þá verður ekki fullyrt, hvort það hafi verið slíkt, að vélin hefði ekki átt að þola það, nema um leynda galla hafi verið að ræða — — — —.

Hinir dómkvöddu menn staðfestu álitsgerð sína fyrir dómi og gáfu frekari skýringar.

Þorsteinn Gíslason hefur gert ýmsar athugasemdir við álitsgerð þessa, m. a. kemur þar fram, að hann telji, að frystitækin hafi verið lítið hrímuð og hafi þess vegna snöggt álag á þau getað valdið því, að vökví hafi soðið upp úr þeim og inn í sogleiðsluna. Þorsteinn, Einar Arnórsson, Baldur Sveinsson, Geir Ó. Guðmundsson og Gísli Hermannsson hafa komið fyrir dóm, skýrt sjónarmið sín nánar og svarað ýmsum spurningum frá sækjanda og verjanda. Eftir það gáfu hinir dómkvöddu menn framhaldsálitsgerð, dags. 16. febrúar 1961. Segir þar m. a.:

„.... Ekkert í framburði vitnanna virðist benda til annars en að sporlanlokarnir hafi verið í góðu lagi, og eftir því sem okkur hefur verið tjáð, hafa lokarnir unnið óaðfinnanlega, eftir að greinipípan var endurnýjuð og vélin tekin í notkun á ný, án þess að snert hafi verið á þessum lokum.

Til þess að fljótandi ammoníak hafi borizt frá frystitækjunum inn í sogleiðslu vélarinnar, er þá aðeins eftir sá möguleiki, að soðið hafi upp úr þeim vegna of mikils álags

af heitu hráefni. Er þetta að okkar áliti mjög ósennilegt, þar eð frystitækin eru byggð með það stórum soggeymi, að hann á örugglega að geta tekið við í slíku tilfelli, og það væri þá aðeins um smáslettur að ræða, sem eðlilega hefðu átt að skiljast frá gufunni í sogskiljunni, hafi þar allt verið með felldu. Enn fremur skal bent á það, að samkvæmt vitnaleiðslum mun hafa verið búið að keyra á tækin ca 3 klst., og var því ennþá ósennilegra, að skyndileg yfirsuða ætti sér stað.

Ekkert í framburði hinna viðstöddu vitna virðist heldur styðja það, að slík yfirsuða hafi átt sér stað, og heldur er ekkert, sem bendir til þess, að slík yfirsuða hafi átt sér stað, hvorki fyrir eða eftir slysið.

Út frá þesum forsendum höfum við í álitsgerð okkar þ. 10. okt. 1960 ályktað, að mestar líkur fyrir orsök að fljótandi ammoníaki í sogleiðslunni séu þær, að lokar frá geymum til sogskilju hafi ekki verið nægilega lokaðir eða nægilega þéttir.

Meginatriði þessa máls er það, að samkvæmt vitnaleiðslum viðstaddra á slysstaðnum virðist óvefengjanlegt, að vökvaslag hafi átt sér stað í vélinni, áður en greinpípan rifnaði. Hvernig þetta vökvaslag var framkallað, verður að sjálfsögðu ekki með vissu sannað, en hitt er staðreynd, að umrætt frystikerfi hefur unnið óaðfinnanlega bæði fyrir og eftir að slysið varð, og verður því ekki hjá því komizt að álykta, að það hafi verið í sambandi við áfyllingarverk-
ið — — — —.

Samkvæmt beiðni sakadóms hefur öryggismálastjóri og gefið álitsgerð, dags. 21. marz 1961, er hann hefur staðfest fyrir dómi. Segir þar m. a.:

„Það er vitað, að eina leiðin fyrir ammoníakið til pressunnar er gegnum sogpípuna og vökvaskiljuna, en til vökvaskiljunnar er um tvær leiðir að ræða, þ. e. frá frystitækjunum og tæmigeyminum. Rannsókn málsins virðist leiða í ljós, að ekki hafi getað verið um fljótandi ammoníak frá frystitækjunum að ræða, eins og matsmennirnir benda á, og er þá ekki um annað að ræða en að fljótandi ammoníak

hafi komið frá tæmigeyminum og offyllt vökvaskiljuna. Matsmennirnir telja ekki ósennilegt, að smáslettur frá vökvaskiljunni hafi safnast fyrir í hinum lárétta hluta sogpípunnar og að það magn hafi síðan farið allt í einu af stað, þegar pípan var orðin full eða um það bil. Þetta tel ég einnig mjög sennilegt, og Friðgeir Grímsson lætur í ljós sömu skoðun í skýrslu sinni.

Í niðurlagi skýrslunnar frá 16. febrúar 1961 komast matsmennirnir að þeirri niðurstöðu, að offylling vökvaskiljunnar hafi orðið í sambandi við áfyllingarverkið.

Það, sem rannsóknin hefur leitt í ljós varðandi atburðarásina og tilhögun verka í vélasalnum slysdaginn fram til þess er slysið varð, virðist mér einna óljósast, að því er varðar áfyllingarverkið.“

Það verður að teljast efalaust, að sprenging sú, er í málinu greinir, hafi valdið dauða Hallgríms Péturssonar.

Eins og greint hefur verið, urðu þau stórfelldu mistök, að hlutur sá, er sprakk í frystikerfinu, glataðist, án þess að áður færi fram fullkomin rannsókn á því, hvort þar kynni að hafa verið um efnisgalla að tefla. Er því eigi loku skotið fyrir tilvist slíks galla, sem með tilvísun til framangreinds álits sérfróðra manna gæti verið orsök eða samorsök sprengingarinnar, en á slíkum efnisgalla bera ákærðu ekki ábyrgð. Samkvæmt álitsgerðum þeim, sem fram hafa komið eftir uppkvaðningu héraðsdóms og að framan eru raktar, verður við það að miða, að um offyllingu á frystikerfinu í heild hafi ekki verið að ræða. Ákærðu hafa fullyrt, að þeir hafi lokað öllum þeim lokum á frystikerfinu, er máli skipta, og verður eigi staðhæft, eins og sönnunargögnum málsins er háttað, að þeir hafi sýnt vanrækslu í því efni. Að áliti hinna dómkvöddu manna er og mögulegt, að fljótandi ammoníak, sem hafi safnast í allangri láréttri pípu lagnarinnar, hafi valdið nefndu vökvaslagi eða gert það öflugra, en á slíkri gerð lagnarinnar geta ákærðu ekki borið ábyrgð. Með tilvísun til framangreindra sérfræðigagna verður ekki talið örugglega sannað, að aðferð ákærðu við áfyllingu á kerfið hafi verið varasöm, þótt þeir hafi ekki að öllu leyti

stuðzt við hæðarglös, og ekki verður heldur talið, að hrímun á kerfinu hafi veitt þeim nægilegt tilefni til að ætla, að hætta væri á ferðum. Þá verður og ekki samkvæmt vætti vitna talið, að ákærðu hafi haft ráðrúm til að stöðva vélarnar, eftir að vökvaslag heyrðist.

Þar sem framangreind sprenging getur þannig hafa orðið af orsökum, sem ákærðu geta ekki talizt bera ábyrgð á, er eigi rétt að sakfella þá. Ber því að sýkna þá af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað af málinu á rikissjóð, þar með talin laun sækjanda í Hæstarétti, kr. 18.000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 22.000.00.

Átelja ber þau mistök, sem urðu við rannsókn málsins, að eigi var varðveittur og rannsakaður til hlítar hlutur sá, er sprakk í nefndu frystikerfi.

Dómsorð:

Ákærðu, Bjarni Sigurður Guðjónsson og Magnús Jónsson, eiga að vera sýknir af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr rikissjóði, þar með talin laun sækjanda í Hæstarétti, Árna Stefánssonar héraðsdómslögmanns, kr. 18.000.00, og laun verjanda ákærðu í héraði og fyrri Hæstarétti, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 22.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. desember 1959.

Ár 1959, mánudaginn 21. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómará, og meðdómsmönnum Andrésí Guðjónssyni og Þorsteini Loftssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 6121—6122/1959: Ákæruvaldið gegn Bjarna Sigurði Guðjónssyni og Magnúsi Jónssyni, sem dómtekið var 15. desember s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 28. maí s.l., gegn Bjarna Sigurði Guðjónssyni vélæftirlitsmanni, Stigahlíð 8, hér í bæ, og Magnúsi Jónssyni vélstjóra, Hásteinsvegi 58 í Vestmannaeyjum, fyrir að hafa þriðjudaginn 15. júlí 1958, kl. 1600, vanrækt, er þeir voru að störfum við vélgæzlu í frystihúsi Fisk-iðjunnar h/f í Vestmannaeyjum og voru að keyra eina af þjöpp-um frystihússins, að fylgjast með því, sem var að gerast í frysti-kerfinu í sambandi við gang þjöppunnar, þannig að mikið fljót-andi ammoníak komst inn í þjöppuna með þeim afleiðingum, að hún sprakk. Við sprenginguna streymdi fljótandi ammoníak og ammoníaksgufa út í vélasalinn, sem fylltist á svipstundu, og einn manna þeirra, sem þar voru að vinna, Hallgrímur Péturs-son, Faxastíg 15 í Vestmannaeyjum, brenndist svo mjög, áður en honum tókst að komast út, að hann beið bana af nokkrum dög-um síðar.

Teljast ákærðu með þessu atferli sínu hafa orðið valdir að bana Hallgríms Péturssonar með gáleysi og þannig gerzt brot-legir gegn 215. gr. almennra hegningarlaga. Ákærast þeir til að sæta refsingu og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Bjarni Sigurður er fæddur 16. marz 1915 á Súgandafirði. Saka-vottorð hans er svohljóðandi:

- 1943 17/7 Reykjavík. Dómur lögregluréttar, 10 daga varðhald og missir ökuréttinda í 3 mánuði fyrir brot á áfengis-lögunum og bifreiðalögunum.
- 1943 29/9 Reykjavík. Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun og rúðubrot.
- 1944 25/8 Reykjavík. Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun á alman-na-færi.
- 1945 4/6 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á alman-na-færi.
- 1947 30/4 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og spell-virki. Lofaði að greiða skaðabætur.
- 1947 17/8 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á alman-na-færi.
- 1947 2/12 Reykjavík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á alman-na-færi.
- 1952 18/11 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á alman-na-færi.
- 1953 18/12 Reykjavík. Áminning fyrir ósæmilega hegðun.
- 1954 16/2 Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

- 1954 3/8 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
 1955 2/1 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
 1955 12/5 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
 færi.
 1956 2/1 Reykjavík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-
 færi. 326 kr. skaðabætur fyrir spellvirki.
 1956 22/2 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.
 1958 7/10 Reykjavík. Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

Ákærði Magnús er fæddur 7. ágúst 1909 á Seljavöllum í Rangár-
 vallasýslu. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

- 1935 22/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1943 10/3 Kærður í Vestmannaeyjum fyrir meinta ölvun og
 rúðubrot. Sannaðist ekki, og málið féll niður.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 15. júlí 1958 var verið að reyna frystikerfi Fisk-
 iðjunnar h/f í Vestmannaeyjum eftir breytingar, sem gerðar
 höfðu verið á því dagana á undan. Höfðu ákærðu þenna starfa
 með höndum, og hafði annar þeirra, ákærði Bjarni Sigurður,
 sem er eftirlitsmaður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna með
 frystihúsum, komið til Vestmannaeyja til að sjá um breyting-
 arnar. Ákærði Magnús var hins vegar 1. vélstjóri í frystihúsinu,
 og hefur hann séð um daglegan rekstur vélanna.

Að morgni umrædds dags hafði ammoníak verið sett á frysti-
 kerfið, er byrjað var að keyra frystivélarnar, og síðan verið
 bætt á kerfið annað slagið. Ákærði Bjarni Sigurður sá einn
 um rekstur vélanna um morguninn, en kl. 1300 kom ákærði
 Magnús á vakt honum til aðstoðar. Unnu ákærðu síðan saman
 að reynslu kerfisins þar til kl. 1600, er þjappa í kerfinu sprakk
 og ammoníakgufa frá henni þeyttist af miklu afli út í vélasal-
 inn, er fylltist á skammri stundu. Er sprengingin var orðin,
 reyndu ákærðu, er stóðu við þjöppuna, að stöðva vélarnar, en
 gátu það ekki vegna ammoníakgufunnar. Urðu þeir að forða
 sér út úr vélasalnum um dyr á vesturenda. Auk ákærðu voru
 að vinna í vélasalnum, þegar sprengingin varð, þeir Guðbjörn
 Guðjónsson vélsmiður, Sogavegi 220, hér í bæ, Tryggvi Jóns-
 son, nú til heimilis að Brekkugötu 9 í Vestmannaeyjum, og Hall-
 grímur heitinn Pétursson. Þeir Tryggvi og Guðbjörn voru að
 vinna við vélasamstæðu 3—4 metra frá þjöppunni, sem sprakk,
 og voru þeir rétt við dyraop á austurenda vélasalarins. Tókst
 þeim að forða sér út um opið yfir í fiskgeymslu hraðfrysti-
 hússins og þar út úr húsinu um gat á rennihurð með því að

rífa frá timbur, sem neglt var fyrir gatið. Sluppu þeir naumlega út lítt meiddir. Tryggvi brenndist þó nokkuð af ammoníakgufunni.

Hallgrímur heitinn var við suðurvegg hússins uppi í stiga í 3.—4. þrepi að vinna við að taka niður sogkút, er sprengingin varð. Var hann skammt frá þeim Tryggva og Guðbirni og mjög stutt frá opinu, sem þeir fóru út um, 3 metra að talið var. Hallgrímur heitinn kom ekki út úr vélasalnum, fyrr en að nokkurri stundu liðinni. Kom hann þá út um dyrnar á vesturenda, allur skaðbrenndur og mjög af honum dregið. Hallgrímur heitinn var strax færður í sjúkrahús, þar sem hann andaðist aðfaranótt þess 24. júlí 1958 af afleiðingum brunans og eitrunar þeirrar, sem hann hafði orðið fyrir.

Verður nú lýst húsaskipan í frystihúsi Fiskiðjunnar h/f og aðstæðum í vélasal.

Vélasalurinn, sem sprengingin varð í, er í norðvesturhorni hússins, og eru gluggar á útvegg, er veit til norðurs. Salurinn er 20 metrar á lengd frá austri til vesturs, en 8 metrar á breidd frá norðri til suðurs. Vélarnar standa norðan megin í salnum. Eru þær staðsettar þannig, talið frá vinstri: 1. ljósavél, 2. rafall, 3. frystivél, 4. aflvél, 5. frystivél með þjöppunni, sem sprakk, 6. aflvél, 7. frystivél, 8. aflvél, 9. rótordæla. Standa vélarnar með nokkuð jöfnu millibili í vélasalnum. Á vesturenda salarins koma tröppur, tveggja þrepa, upp í herbergi vélstjóra, og liggja þaðan dyr út. Á austurenda er op, er liggur út í fiskgeymslu. Í norðvesturhorni fiskgeymslunnar fast við vegg vélarúms, eru dyr út með rennihurð fyrir. Fóru þeir Tryggvi og Guðbjörn út um gat á hurð þessari. Auk þessa eru þrennar dyr á suðurenda fiskgeymslunnar og tvennar dyr á vesturenda. Voru einhverjar af dyrum þessum opnar. Næst vélasalnum að sunnan er aflangur gangur, geymagangur. Við enda hans í fiskgeymslunni er safnkútur í nokkurri hæð frá gólfi. Mun vera hægt að komast bæði yfir og undir safnkútinn inn í geymaganginn, en dyr hans, sem snúa í vestur, voru opnar. Við hlið geymagangsins að sunnan eru þrjár frystigeymslur.

Frystikerfi Fiskiðjunnar h/f í Vestmannaeyjum er ammoníaks-vökvaeimkerfi. Þjappa sú, sem sprakk, er tveggja strokka af Frick gerð, tíu sinnum tíu þumlungar að stærð. Dieselmotor knýr þjöppuna með kílreimum.

Frystikerfið starfar á eftirfarandi hátt: Þjappan þrýstir heitum ammoníakeim í gegnum olíuskilju að eimsvalanum (eim-

þéttinum), og verður hann þar að vökva. Úr eimsvalanum fer vökvinn í vökvageymi, úr honum í gegnum „spiral“ í sogkútnum og til lokakistu (ventlakistu). Þaðan getur vökvinn farið í eimunartæki frystiklefanna eða í hraðfrystitækin. Á ammoníakið að fara frá þessum stöðum sem kaldur eimur í lokakistur (ventlakistur), og þaðan sogast hann í gegnum sogkút að þjöppu.

Í kerfinu er tæmikútur, sem ætlaður er til að tæma ammoníak af hluta kerfisins, t. d. ef viðgerð á að fara fram. Stór safnkútur, sem tekur allt að 2000 lítrum, er fyrir allt kerfið, og er tekið af honum ammoníak, þegar bætt er á kerfið. Þjappan er útbúin með lausrí þrýstilokaplötu, sem haldið er niðri með sterkum gormi. Þessi plata getur lyfzt, ef vökví kemur í þjöppuna. Einnig er öryggisloki á þrýstigreininni, er opnar yfir í soggreinina, ef þrýstingurinn verður of hár. Þá eru þrýsti- og sogmælar á leiðslum við þjöppuna. Loks eru vökvahæðarglös á vökvakút, tæmikút og safnkút, og sést vel á þau úr vélasal.

„Sporlan“-loka var nýbúið að setja á hraðfrystitækin, eins og síðar mun rakið.

Er sprengingin varð, rifnaði þrýstigreinin á þjöppunni, og streymdi ammoníakið frá rifunni út í vélasalinn.

Verður nú rakinn framburður ákærðu og vitna um slysið.

Ákærði Bjarni Sigurður hafði, eins og áður greinir, séð um breytingar á frystikerfinu og uppsetningu véla í frystihúsinu dagana áður en slysið varð. Höfðu m. a. verið settir „sporlan“-lokar á hraðfrystitækin í stað flotloka, og var verið að reyna þá í fyrsta sinn, er sprengingin varð. Að morgni þess 15. júlí var frystikerfið tómt eftir breytingarnar, er vinna hófst í frystihúsinu. Milli kl. 0900 og 1000 var byrjað að setja ammoníak á kerfið.

Keyrði ákærði Bjarni Sigurður frystivélarnar, og taldi hann sig bera ábyrgð á rekstri þeirra, þar til úttekt væri lokið. Væri það venjan, þegar hann kæmi í frystihús til lagfæringa eða breytinga, að hann tæki að sér yfirstjórn frystivélanna af 1. vélstjóra.

Var fyllt á kerfið annað veifið þar til klukkan rúmlega 1300, skömmu eftir að ákærði Magnús kom á vakt, en þá fór síðasta áfylling fram.

Vitnið Bjarni Sigurður skýrði fyrst frá því, að þjappan, sem sprakk, hafi verið keyrð venjulega frystikeyrslu, og samtímis hafi ammoníaki verið bætt á kerfið til þess að fylla á frystitækin. Ákærði Magnús kvað og þjöppuna hafa verið keyrða

venjulega frystikeyrslu, er sprengingin varð, en hins vegar hafi ekki verið bætt á kerfið. Er ákærðu var bent á þetta ósamræmi í framburðum þeirra, breytti ákærði Bjarni Sigurður framburði sínum á þá leið, að áfylling á kerfið hafi síðast farið fram kl. rúmlega 1300, og síðan hafi ekki verið bætt meiru á kerfið. Gaf ákærði þá skýringu á þessari breytingu, að um ónákvæma bókun á svari sínu hefði verið að ræða.

Áfyllingin á kerfið, eftir að ákærði Magnús kom á vakt, tók 5—10 mínútur, en ekki kveðst ákærði Bjarni Sigurður geta sagt til um það, hversu mikið ammoníak var sett á kerfið. Við mat á því, hvort nægilegt ammoníak hafi farið inn á kerfið, þá kvaðst ákærði miða við það, að þegar flotloki pannanna hefur lokað fyrir og opnað á víxl með sömu stöðu í vökvageymi kerfisins, þá sé nóg komið. Ákærði kveðst fylgja þeim reglum við áfyllingu frystikerfa af aðalbirgðageymi, að fyrst sé ammoníak tekið af aðalbirgðageymi inn á milligeymi, og þegar talið sé, að nægilegt sé komið af því, þá sé lokað fyrir áfyllinguna og samband milli sog- og tæmikúts (millikúts). Að því búnu sé opnað fyrir samband milli vökvageymis kerfisins og millikúts. Við ákvörðun á því, hvenær nægilega mikið sé komið inn á millikút, gefi glasið á honum ekki nægilega vísbendingu, þar sem stöðug suða sé á kútnum, á meðan á rennsli stendur. Þegar suðan hverfi við það, að lokað er fyrir rennsli af aðalbirgðageymi og sambandið milli sogkúts og millikúts lokað, en opnaðar leiðslur milli milligeymisins og vökvageymisins, sé hægt að hafa glasið til ákvörðunar um það, hvað tæmingu líði.

Ákærði kveðst fara eftir glasi á vökvageymi um hæð vökvans þar. Sé þetta glas ekki tryggt, þá sé hægt að sjá „ástandið á fyllingu kerfisins“ eftir 6—8 klukkustunda keyrslu, hafi flotlokarnir (ventlarnir) opnað og lokað á víxl. Ákærði tók fram, að glasið á vökvageyminum hafi verið hreinsað í vikunni, áður en slysið varð. Var það hreint, er byrjað var að fylla á kerfið um morguninn. Einnig kveður ákærði afköst frystitækjanna hafa verið eðlileg eftir hreinsunina og lagfæringarnar. Ákærði kveður það algengt hér á landi, að glösin á ammoníaksgeymunum í frystihúsum séu í ólagi, og þurfi það ekki að vera vegna kæruleysis gæzlumanna, heldur sé það vegna gerðar glasanna. Ákærði kveður þá hafa fylgzt stöðugt með glasinu, en það hafi ekki sýnt rétt. Ákærði tók þó fram, að ekkert samband hafi verið milli óábyggileika hæðarglassins á vökvageyminum og sprengingarinnar. Ákærði kveðst hafa vitað, að glasið var

ótryggt, en sprengingin hafi orðið um það leyti, sem hann fór að rengja það. Er ákærði var ítrekað spurður um þetta atriði, kvaðst hann hafa rengt glasið, og alltaf væri meiri og minni olía, sem kæmist í þessi glös. Ákærði kveður glasið hafa sýnt meira en hann bjóst við að væri í vökvageymi. Ákærði rengdi glasið vegna þess, að hann taldi, að vökvinn af glasinu lækkaði ekki nægilega ört, miðað við strauminn af ammoníaki af geyminum inn á tækin. Ákærði taldi, að ammoníak það, er var á kerfinu, væri hæfilegt, og taldi hann öruggt, að það væri ekki of mikið. Byggði ákærði þessa skoðun sína á því, að byrjað var að frjósa á efstu plötum í hraðfrystitækjunum. Ákærði taldi, að ekki hefði gengið meira á aðalbirgðageymi en eðlilegt var, er tekið var af honum.

Ákærði kveðst hafa átt að fylgjast með því, hvort „sporlan“ lokarnir ynnu eða rafstraumur væri á þeim, en ljós kviknar á peru, þegar svo er. Ekkert var athugavert við kælivatnið til þjöppunnar eða eimpéttisins. Ákærði fylgdist stöðugt með þrýsti- og sogmælunum, áður en þjappan sprakk, eins og hann gerir ævinlega, þegar hann er að reynslukeyra. Kom ekkert athugavert fram á mælunum, og sýndu þrýstimælarnir ekki óeðlilega háan þrýsting. Þá var sogkúturinn að sögn ákærða alhrímaður allan tímann, á meðan á keyrslunni stóð þenna dag, enda er hann það ævinlega. Einnig var sogrörið hrímað.

Búið var að keyra frystivélina venjulega frystikeyrslu í rúm- ar 4 klukkustundir, þegar sprengingin varð. Var gangur þjöppunnar á engan hátt óeðlilegur, hvorki óeðlilega þung högg frá vélinni né heldur, að gangurinn væri óeðlilega þungur. Ekkert benti til þess, að álag vélarinnar, sem knýr þjöppuna, væri óeðlilega mikið rétt fyrir sprenginguna, og varð ákærði ekki var við, að þjappan létti á sér rétt fyrir sprenginguna. Varð ákærði ekki var við neitt óeðlilegt við frystikerfið, fyrr en í sömu andrænni og þjappan sprakk, og gerðist þetta allt svo skyndilega, að ekkert ráðrúm var til að afstýra því. Ákærði kveður orsök sprengingarinnar hafa verið þá, að þjappan hafi fengið fljótandi ammoníak, en um ástæðurnar fyrir því kveðst hann ekki vita. Ákærði kveður möguleikana á því að fá fljótandi ammoníak inn á sogkútinn vera þrjá. Sá fyrsti væri sá, að ammoníak gæti þétzt í kútnum og orðið að vöква, annar við áfyllingu á kerfið og sá þriðji, að lokj hraðfrystitækjanna stæði á sér.

Eftir að sprengingin var orðin, kveður ákærði hafa verið kall- að upp, að allir skyldu forða sér út úr húsinu. Ákærði kveðst

hafa séð til Hallgríms heitins uppi í stiganum, og hafi hann verið álíka langt frá þjöppunni og hann var, en hinum megin við hana. Ákærði kveðst hafa séð, að Hallgrímur heitinn leit við, er kallað var upp, að allir skyldu fara út. Er sprengingin varð, varð um leið dimmt í húsinu, er ammoníaksgufan streymdi frá þjöppunni. Sá ákærði síðan ekki meira til Hallgríms heitins, fyrr en hann kom út úr salnum, og kveðst ákærði geta trúað, að það hefði tekið hann 3—4 mínútur. Ákærði gat ekki hugsað sér neina skýringu á því, hve langan tíma það tók Halgrím heitinn að komast út úr vélasalnum.

Ákærði gat ekkert athugavert séð við brotið frá þjöppunni, er hann athugaði það eftir sprenginguna.

Ákærði Magnús Jónsson hefur skýrt frá því, að hann hafi unnið algerlega eftir fyrirsögn ákærða Bjarna Sigurðar í umrætt skipti og talið hann bera ábyrgð á keyrslu frystitækjanna, á meðan á uppsetningu og reynslukeyrslu stæði, en ákærði er 1. vélstjóri eða yfirvélstjóri í frystihúsinu. Ákærði kveðst ekki vita, hvort sami háttur væri hafður á í öðrum frystihúsum, en taldi, að svo væri.

Ákærði kom á vakt í frystihúsinu kl. 1300, og var um það leyti sett ammoníak í viðbót á kerfið í 5—6 mínútur, enda var þá verið að taka fleiri hraðfrystitæki í notkun af þeim, sem kerfinu tilheyra. Ákærði kvað þjöppu þá, er sprakk, hafa verið einu þjöppuna, sem var í gangi og hafði verið í gangi að undanfögnu. Vélin hafði verið keyrð venjulega frystikeyrslu í 4 klukkustundir, áður en sprengingin varð, og var þá ekki verið að bæta á hana ammoníaki. Ákærði kveðst ekki vita annað en að „sporlan“ lokarnir hafi verið í lagi, en ákærði Bjarni Sigurður hafði fylgzt með þeim ásamt öðru, er keyrsluna varðaði. Þá kveðst ákærði ekki vita annað en millikúturinn væri tómur, enda var hann hrímaður. Hæðarglasið var tomt, en ákærði er öruggur um, að það var í lagi, og sömuleiðis, að kælivatnið var í lagi. Sogmælirinn var á 0 eða rétt neðan við, og þrýstimælirinn sýndi 95—115 pund á ferþumlung. Voru tölur þessar þær hagstæðustu, sem ákærði mundi eftir í starfi sínu. Sogkúturinn var alhrímaður fyrir sprenginguna, en olíuskiljan var óhrímuð þangað til eftir sprenginguna, en þá var hún hrímuð að neðan um það bil að hálfu leyti. Sogrörið að þjöppunni var hrímað fyrir sprenginguna, eins og að jafnaði, að sögn ákærða.

Ákærði kveður það öruggt, að enginn loki hafi verið opinn

frá safnkút (birgðakút) yfir í kerfið í umrætt skipti, enda hafi þetta verið athugað sérstaklega eftir sprenginguna.

Á vökvageymi (receiver), sem er í rúmi til hliðar í vélasal, er hæðarglas, sem liggur inn í vélasalinn, og sést á það úr vélasal. Var hæðarglasið hreint og sýndi rétta vökvahæð.

Ákærði kveður þó hafa komið fyrir, að glasið sýndi ekki rétta vökvahæð. Var lögnin að því gölluð. Ákærði kveðst árlega hafa farið yfir hæðarglösinn og leiðslurnar að þeim, og var hann nýbúinn að fara yfir efra glasið. Tók ákærði fram, að það væri reynsla sín, að ef ekki kæmi ammoníak í efra glasið á tæmiskútnum, væri ekki of mikið á kerfinu.

Ákærði kveður þjöppunina hafa gengið að öllu leyti eðlilega fyrir sprenginguna, á meðan hann var í frystihúsinu. Voru hvorki óeðlileg högg frá vélinni né gangur óeðlilega þungur. Ekkert benti til þess, að álag mótorsins, sem knýr þjöppuna, væri óeðlilega mikið fyrir sprenginguna.

Ákærði kveður algengustu orsök þess að fá fljótandi ammoníak inn á þjöppu vera þá, að það komist þannig í sogkútinn frá tækjum, sem eru í notkun, og í þessu tilfelli voru það hraðfrystitækin. Einnig kveður hann vera möguleika á þessu við áfyllingu úr birgðageymi, en um það hafi ekki verið að ræða í þetta skipti. Ákærði kveður ekkert óvanalegt hafa verið að gerast, sem valdið gat því, að fljótandi ammoníak færi inn í þjöppuna.

Ákærði kveður koma sér til hugar sem orsök sprengingarinnar, að leyndur galli hafi verið á þjöppunni eða að óþekkt gastegund hafi komizt þar að, því að ákærði kveður sér hafa virzt eldur koma, um leið og sprengingin varð.

Ákærði stóð tvö skref frá þjöppunni, er sprengingin varð. Kveður hann allt hafa gerzt á sömu stundu, að dieselvélinn létti á sér, vökvaslag heyrðist frá þjöppunni og stykkið sprakk frá henni.

Við sprenginguna kvað ákærði ammoníakgufu hafa þrýstst með 100 punda þrýstingi út í vélasalinn. Ákærði ætlaði að henda sér á ventlana á þjöppunni og loka fyrir ammoníakið, en varð að hverfa frá vegna gufunnar. Einnig varð ákærði að hætta við af þessum sökum að gera tilraun til að tengja þjöppuna frá aflvélinni. Á leiðinni út skrúfaði hann hins vegar fyrir eins mikið af krönum og unnt var til þess að stöðva ammoníakaðstreymi að þjöppunni.

Ákærði er öruggur um það, að Hallgrímur heitinn varð örugglega var við það, er var að gerast, eftir að sprengingin varð. Ákærði taldi, að 4—5 mínútur hefðu liðið, frá því að sprengingin varð, þar til Hallgrímur heitinn kom reikandi út úr ammoníakgufunni. Taldi ákærði, að hann hefði villzt í húsinu, er gufan lenti á honum. Er hann fór í gegnum vélasalinn fram hjá þjöppunni, hafði fljótandi ammoníak lent á honum. Hallgrímur heitinn hafði að sögn ákærða starfað í Fiskiðjunni síðustu 4 árin fyrir slysið, þar af a. m. k. 2 ár með ákærða sem vélgæzlumaður.

Vitnið Guðbjörn Guðjónsson vélvirki var í vélasalnum, þegar sprengingin varð, eins og áður er rakið. Vitnið var að vinna við austustu vélasamstæðuna ásamt Tryggva Jónssyni. Vitnið kveðst hafa séð til Hallgríms heitins eftir sprenginguna, þar sem hann var að fara niður úr stiganum. Vélasalurinn fylltist af ammoníakgufu á svipstundu. Vitnið og Tryggvi forðuðu sér út, eins og áður greinir, og var mjög af þeim dregið, er þeir komust undir bert loft.

Vitnið kveðst ekki vita, hver var ástæðan til þess, að Hallgrímur heitinn fylgdi ekki á eftir þeim út, en finnst líklegt, að hann hafi ætlað að þjöppunni, sem sprakk, til að aðhafast þar eitthvað.

Vitnið kveður ákærða Bjarna Sigurð hafa kallað upp, er sprengingin varð, að allir skyldu forða sér út. Vitnið kveðst hafa verið við vinnu sína í frystihúsinu allan umræddan dag. Vitnið fylgdist ekki með því, hvað ákærðu voru að gera. Vitnið varð ekki vart við annað en gangur frystivélanna væri með eðlilegum hætti, fyrr en það heyrði vökvaslögin frá þjöppunni. Liðu 1—2 mínútur, frá því að þau byrjuðu, þar til sprengingin varð. Stóð ákærði Bjarni Sigurður við kútasamstæðuna, en ákærði Magnús við vélasamstæðuna, er þetta gerðist. Taldi vitnið, að ákærði Magnús hefði ætlað að loka fyrir þjöppuna, strax og slögin heyrðust, en vissi annars ekki, hvað hann aðhafðist, þar sem það sá ekki til hans.

Vitnið Tryggvi Jónsson vélvirkjameistari, Brekkugötu 9, Vestmannaeyjum, var að vinna í vélasalnum með Guðbirni Guðjónssyni í umrætt skipti. Vitnið var nýkomið inn í vélasalinn og búið að vera þar innan við eina mínútu, er sprengingin varð. Vitnið kveðst ekkert vita um orsakir sprengingarinnar. Vitnið kveðst ekkert hafa séð frá sér vegna ammoníakgufunnar, er

það forðaði sér út. Vitnið sá síðast til Hallgríms heitins, þar sem hann stóð í stiganum við suðurvegginn.

Vottorð Björns Júlíussonar læknis, dagsett 11. ágúst 1958, um meiðsli Hallgríms heitins og andlát er á þessa leið:

„Vottorð vegna slyss Hallgríms Péturssonar (f. 6/4 1906), Faxastíg 15, hér í bæ, en hann slasaðist í vélasal Fiskiðjunnar h/f þriðjudaginn 15. júlí 1958, er frystipressa sprakk, svo að yfir hann þeyttist fljótandi og loftkennt ammoníak.

Komið var með slasaða á Sjúkrahús Vestmannaeyja kl. 1610. Þar tóku við honum læknar spítalans, Einar Guttormsson yfir-læknir, undirritaður aðstoðarlæknir og Einar Valur Bjarnason stud. með.

Slasaði er með meðvitund, þegar hann kemur á spítalann. Hann er löðrandi í ammoníaki frá hvirfli til ilja, svo að rista verður utan af honum fötin úti á hlaði. Síðan er honum strax gefið súrefni, því hann á mjög erfitt með að anda, dyrpnoe. Slasaði er mjög brenndur í andliti, hægri vangi má heita eitt fleiður frá enni niður á háls, síðar myndaðist þar mikill bjúgur og blöðrur. Hægra auga er sokkið í bólguna. Vinstri vangi er og mikið brunninn, en minna. Vinstra auga er sokkið. Nefið má heita eitt fleiður svo og varir, mikið brenndur í munn- og nefholi, bæði eyru mjög brennd. Hægri handleggur og hönd eru brunnin ofan frá miðjum upphandlegg og fram á finger. Hægri holhönd er eitt fleiður svo og hægri öxl aftanvert upp á háls. Blöðrur eru á stóru svæði á baki og lendum og mikill bruni á kynfærum. Vinstri handleggur og hönd eru brunnin upp á miðjan framhandlegg, og á bringu eru talsverðar blöðrur. Báðir fætur eru brenndir frá tām og upp yfir ökla. Dálíttill bruni er á vinstri kálfa.

Slasaði er ákaflega þjáður, svo að gefa verður honum svæfingu, meðan sár hans eru könnuð og gert að þeim. Hann hefur greinileg einkenni um lungnalopa, lungnaödem. Hann hefur og eggjahvítu í þvagi.

Fyrstu dagana var slasaði eingöngu nærður með vökvagjöfum í æð, fékk og blöðgjafir. Virtist honum í fyrstu vegna eftir vonum, en sjón var þó mjög skert, gat greint fólk í móðu, en ekki þekkt, báðar hornhimnur voru mjög etsaðar. Þann 23. júlí fór slasaða að þyngja, fékk hita og lungnabólgu, þrátt fyrir antibiotika, og dó aðfaranótt 24. júlí 1958.

Ályktun: Slasaði dó vegna afleiðinga ammoníakbruna og eitrunar. Diagnosis: Pneumonia, ambustio et intoxicatio ammonie.“

Svo sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að orsök sprengingarinnar hafi verið sú, að fljótandi ammoníak hafi komið inn í þjöppuna, enda hafa báðir ákærðu viðurkennt þetta. Hins vegar hefur ekki tekist að upplýsa, hvernig þetta hafi orðið, þar sem ákærðu telja sig ekki vita það. Að álit dómsins getur þetta gerzt með þrennum hætti. Í fyrsta lagi, að „sporlan“ lokarnir (þenslulokarnir) hafi ekki verkað, eins og vera bar, í öðru lagi, að ammoníak hafi komið inn í soggrein þjöppunnar, vegna þess að lokj hafi gleymzt opinn, og loks í þriðja lagi, að of mikið hafi verið sett á kerfið við áfyllingu. Um bilun í „sporlan“ lokunum var ekki að ræða samkvæmt framburðum ákærðu og öðru, sem fram hefur komið í máli þessu. Ekki er heldur neitt komið fram um það, að ammoníak hafi komið inn í þjöppuna vegna loka, sem gleymzt hafi opinn. Er þá ekki um annað að ræða en of mikið ammoníak hafi verið sett á kerfið, og þar sem ekki er komið fram, að um neina bilun í frystikerfinu hafi verið að ræða, telur dómurinn sannað, að svo hafi verið.

Eins og fram kemur af framburðum ákærðu, var hæðarglas-ið á vökvageymi (receiver) ekki í lagi sakir galla á því. Höfðu því ákærðu ekki aðstöðu til að meta, hve mikið ammoníak var komið inn á kerfið og hljóta því að hafa verið í óvissu um það.

Sú aðferð Bjarna Sigurðar að ætla sér, sé glasið á vökva-geymi ekki tryggt, að miða áfyllinguna við ástandið eftir 6—8 klukkutíma keyrslu, hafi ventlarnir opnað og lokað á víxl, er fráleit að álit dómsins. Þá lítur dómurinn svo á, að af fram-burðum ákærðu megi ráða, að skort hafi þá sérstöku aðgæzlu, sem viðhafa þarf, eftir að slíkar breytingar hafa farið fram, sem um var að ræða í þetta skipti, sbr. það, sem segir um áfyll-inguna.

Eins og áður er rakið, hafa báðir ákærðu haldið því fram, að ákærði Bjarni Sigurður hafi tekið að sér yfirstjórn frystihússins og þannig borið alla ábyrgð á rekstri vélanna við komu sína þangað fyrir slysið. Enda þótt ákærði Bjarni Sigurður sé viður-kenndur fagmaður við meðferð frystivéla, lítur dómurinn svo á, að slíkt fyrirkomulag sé óhæft og geti á engan hátt leyst 1. vél-stjóra undan starfsábyrgð sinni.

Svo sem nú hefur verið rakið, lítur dómurinn svo á, að spreng-ingin hafi orðið fyrir vangæzlu ákærðu beggja, og þar sem bani Hallgríms heitins Péturssonar hlaut af sprengingunni, hafi ákærðu orðið brotlegir gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin 5000.00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þeirra, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00, in solidum.

Theódór Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hafði á hendi frumrannsókn í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði Bjarni Sigurður Guðjónsson greiði 5000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Magnús Jónsson greiði 5000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þeirra, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
